10. fundur stjórnar
Starfsárið 2026-2027
1. október 2026

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Sveinn, Vera, Margrét (áheyrnarfulltrúi félagaráðs), Kári (framkvæmdastjóri).
Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir
Fundur settur: 16:40.

1. Yfirferð og samþykkt fundargerðar síðasta stjórnarfundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Hatursorðræða og hatursglæpir

Kári kynnir stjórn stutt minnisblað um stöðu mála er varðar hatursorðræðu og hatursglæpi. Stjórn ræðir. Ingibjörg og Kristrún vinna að lengra og ítarlegra minnisblaði um þessi málefni, sem lagt verður fyrir stjórn á næsta stjórnarfundi. Stjórn ræðir þar að auki möguleika á að efna til herferðar eða einhverskonar vitundarvakningu um hatursorðræðu á netinu, mögulega í samvinnu við önnur félagasamtök.

3. Kæra

Lögreglustjóraembættið á Norðurlandi eystra hefur ákveðið að hætta rannsókn á kæru á hendur Helgu Dögg Sverrisdóttur sem Samtökin '78 lögðu fram í febrúar 2024. Stjórn samþykkir einróma að vísa þessari málsmeðferð til ríkissaksóknara.

4. Önnur mál

a. Stjórn ræðir hönnun Hýrasta jólatré þessa árs.
b. Stjórn ræðir Regnbogalínuna.

Fundi slitið: 17:27.